

Viðtöl við sálfræðing

Tilvísanir um sálfræðimeðferð fara allar til fræðslustjóra sem sendir þær svo til Heilbrigðisstofnunar Norðurlands, HSN. Skólahjúkrunarfræðingur sér um að koma þeim í farveg þar. Ef talið að sé um bráðavanda að ræða er Skólaþjónusta Húnabyggðar með samning við Hjalta Jónsson sálfræðing sem sinnir viðtölum eftir þörfum og ef það er mat nemendaverndarráðs að grípa þurfi strax inn í. Þessi viðtöl eru notuð sem inngripsmeðferð ef um bráða þörf er að ræða og mál talið þess eðlis að stíga þurfi sem fyrst inn í. Í boði eru að hámarki sex viðtöl, 30 mínútur hvert. Það getur t.d. verið vegna:

- Fjölskylduaðstæðna og breytinga á fjölskylduhögum (veikindi, skilnaður, flutningar)
- Vanlíðunar (félagsleg einangrun, tilfinningavandi, samskiptavandi, einelti, grunur um sjálfsskaða...)
- Hegðunarvanda / mótþróa (birtist bæði heima og í skóla)
- Annarra áfalla

Foreldrum barna á aldrinum 5-12 ára sem glíma við kvíðavanda er bent á FLIKK, úrræði á vegum HR, <https://foreldri.flikk.is/#!/>

Foreldrum barna á aldrinum 12-18 ára með tilfinningalegan vanda er bent á ráðgjöf sem veitt er hjá Bergið headspace, <https://www.bergid.is/>

Einnig er foreldrum bent á Litlu kvíðameðferðarstöðina, <https://www.litlakms.is/>

Ef um alvarlegan bráðan geðrænan vanda er að ræða skal leita til Bráðamóttöku sjúkrahússins á Akureyri þar sem öll bráðaþjónusta fer fram, <https://island.is/s/hsn/salfelagsleg-thjonusta>

Ferlið er eftirfarandi:

Umsjónarkennari sendir inn tilvísun, í samstarfi við foreldra, til nemendaverndarráðs sem tekur hana fyrir.

Eftir að nemendaverndarráð hefur tekið tilvísunina fyrir er gerð formleg beiðni, sem foreldrar þurfa að undirrita, til fræðslustjóra sem áframsendir hana til Heilbrigðisstofnunar Norðurlands og ef við á, sálfræðings sem sinnir viðtölum.

Þegar komið er að barninu hjá sálfræðingi boðar hann barn og foreldra, ef við á.

Í boði er að barnið fari í viðtöl á skólatíma, í gegnum fjarfundarbúnað (Kara connect). Sálfræðingur finnur þá tíma í samráði við deildarstjóra stoðþjónustu.

Foreldrar eða barn geta einnig kosið að viðtöl fari fram utan skólatíma, í gegnum fjarfundarbúnað. Sú beiðni þarf að koma fram í upphafi svo sálfræðingur geti í samstarfi við foreldra fundið heppilega tímasetningu.

Foreldrar geta einnig kosið að fara til sálfræðings, en gera það þá á eigin kostnað (ferðir) og í samráði við sálfræðing.

Að auki ef um að ræða viðtöl við sálfræðing á vegum skólaþjónustu er framhald ferils eftirfarandi:

Sálfræðingur er í samráði við deildarstjóra stoðþjónustu með að finna tíma sem hentar nemanda, þ.e. ef viðtöl eru á skólatíma. Deildarstjóri lætur foreldra vita að nemandi hafi fengið úthlutað tímum hjá sálfræðingi og kemur á tengingu á milli sálfræðings og foreldra.

Sálfræðingur er í sambandi við deildarstjóra stoðþjónustu með tíma á milli viðtala, einnig ef breytingar verða á tímum.

Aðkoma Húnaskóla að viðtölum:

Húnaskóli býður upp á aðstöðu í skólanum, til þess að sem minnst röskun verði á námi nemenda sem og að einfalda aðgengi eins og kostur er.

Tímarnir fara að öllu jöfnu fram á skólatíma nemenda en það er umsemjanlegt í samráði við sálfræðing, eins og áður hefur komið fram.

Starfsmaður Húnaskóla aðstoðar barn við að tengjast fjarfundarbúnaði.

Deildarstjóri stoðþjónustu á í samskiptum við sálfræðing og er upplýstur um stöðu nemenda en þó aldrei svo, að deildarstjóri viti hvað fer fram í viðtölum. Skólaþjónusta upplýsir skóla hvort þörf sé á áframhaldandi viðtölum eða hvort að rétt sé að taka hlé.